

Nd.

317. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði i fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—4. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skulda-brjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Heimilt er að verja fje ómyndugra og opinberra sjóða til þess að kaupa vaxtabrjef fjelagsins.

4. gr.

Um sölu á fasteignum hafi fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilfnið til þess, að frv. þetta kemur fram, er það, að fengist hefir á síðastliðnu hausti ákveðinn ádráttur um það hjá fjármálamannafjelagi einu (Nordisk Trust Kompagni), að ef stofnað yrði á Íslandi lánsfjelag (Kreditforening), sem væri með líkum hætti og slík fjelög erlendis, væru þeir fúsir til að kaupa eða sjá um afsetningu á vissri upphæð af verðbrjefum fjelagsins.

Þess skal getið, að eitt aðalmarkmið þessa fjelags mun einmitt vera milli-ganga um að koma fyrir og gera arðberandi amerískt fjármagn og að þetta sama

fjelag hefir tekið að sjer sölu á verðbrjefum suðurjósks lánsfjelags, sem nýlega mun vera stofnað.

Lánsfjelög hafa sjerstaklega verið þýðingarmiklar stofnanir í Danmörku, og er þar alment viðurkennt, að þau hafa gert mikið gagn og leyst hlutverk sitt þryðilega af hendi. Þeir kostir, sem vjer álitum að slík stofnun hefði, sem viðbót við núverandi skipulag, eru sjerstaklega þeir, að slík stofnun myndi veita töluvert hærri lán en nú er gert, eða alt að 60% af matsverði, en það, sem sjerstaklega háir nú þeim, sem byggja, eykur byggingarkostnaðinn og dregur úr nauðsynlegum byggingarframkvæmdum, eru hin erfiðu kjör á lánun þeim, sem ekki eru trygð með 1. veðrjetti. Slík lán eru oft einkalán og lánveitendur nota sjer oft og einatt aðstöðu sína til að skattleggja þá, sem í byggingar og framkvæmdir ráðast, allharðvítuglega. Með því að lána herra en nú er gert með veðlánakjörum væri vafalaust að nokkru dregið úr þeim annmarka, sem hjer er á lánakerfi voru.

Nefna má og það, að slík stofnun sem hjer er nefnd myndi og ætti að hafa vakandi auga á lánamarkaðinum erlendis og reyna að sitja um að selja verðbrjef á slíkum tímamótum, að sem best kjör fáist. Því það er kunnugt þeim, sem fylgst hafa með gangi hagsveifna, að gengi verðbrjefa fylgir þar föstum lög-
málum.

Þess má og geta, að slíkar lánveitingar myndu vafalaust losa töluvert fje fyrir bankana, sem þá væri hægt að veita að almennum atvinnurekstri.

Ekki er líklegt, að fjelagið fái í fyrstu eins góð kjör og fengist hafa á síðustu rikissjóðslánun handa veðdeild, en það mun fyllilega jafnað upp með lánaupphæðinni.

Það skal tekið fram, að þetta lánsfjelag er að nokkru leyti hugsað frábrugðið eldri dönsku lánsfjelögunun, en sniðið eftir hinu suðurjóska, sem áður er getið. Í eldri dönsku lánsfjelögunun eru það lánþegar, sem stjórna fjelaginu, hafa sameiginlega ábyrgð í flokkun, enda er varasjóður eign lánþega. Fjárhagslega er líka þetta fjelag samvinnufjelag, þannig að lánþegar eiga varasjóðinn (eftir flokkun), í hlutfalli við stærð viðskifta sinna, og ábyrgðin er sameiginleg, en stjórnarfarslega er það ekki samvinnufjelag, því það eru ábyrgðarmennirnir, sem stjórna fjelaginu. Slíkt fyrirkomulag veitir hinum erlendu lánveitendum tvennskonar tryggingu: 1) aukatryggingu, þar sem er ábyrgðarupphæðin, og 2) líkur til, að fjelaginu verði stjórnað og lánveitingun hogað gætilega, þar sem það eru ábyrgðarmennirnir sem slíkir, en ekki lánþegar, sem stjórna fjelaginu. Á þennan hátt fást því betri vaxtakjör, sem eðlilegt er, þar sem erlendir fjármálamenn eiga í hlut, sem ekki geta með eigin augum fylgst með rekstri fjelagsins.

Frumvarp að reglugerð fyrir lánsfjelag verður lagt fyrir nefnd þá, er fær málið til umsagnar.